

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. maí 2014
Tilvísun: UST20140500128/bs

Haksvegur og Þingvallavegur. Lagfæringar gatnamóta - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagfæringar á vegamótum Þingvallavegar og Haksvegar sem eru innan Þingvallahljóðgarðs. Framkvæmdasvæði við Þingvallaveg er um 300 m langt en um 50 m langt við Haksveg.


Framkvæmdasvæðið við Þingvallaveg er á veghelgunarsvæði núverandi vegar, en því svæði hefur að hluta þegar verið raskað.


Efni til framkvæmdarinnar um 3.000 m³ verður tekið úr opinni námu í Svartagili.

Niðurstaða

Hér er um viðbót að ræða við mannvirki sem þegar eru til staðar. Framkvæmdasvæði hefur að stórum hluta verið raskað. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á að fjarlægja aflagða hluta Haksvegar og að vandað verði til frágangs og uppgræðslu raskaðra svæða.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur